



GRV HAMARSSKÓLI

1.- 4. bekkur er í
Hamarsskóla ásamt
Víkinni 5. ára deild og
Frístundaveri

Skólinn opnar kl. 7:45 og
skrifstofan er opin frá 7:45-
15:00 alla daga



AÐ SÆKJA UM SKÓLAVIST

Helstu upplýsingar um að byrja í skóla
ásamt umsókn um skólavist má finna
á heimasíðu skólans:
Smellið HÉR

HAFÐU SAMBAND



Hs: 4882200



Hamarsskóli við Bessahraun



Netfang: grv@grv.is

UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU

Allar helstu upplýsingar má
finna á heimasíðu skólans


www.grv.is



“

Einkunnarorð skólans:
Gleði - Öryggi - Vinátta

SKIPURIT



STARFSFÓLK

Skólastjóri: Anna Rós Hallgrímsdóttir.

Deildarstjóri: Magnús Stefánsson

Deildarstjóri stoðþjónustu: Rósa Hrönn

Ögmundsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi: Fríða Hrönn

Halldórsdóttir

Þroskajálfar: Fanndís Ómarsdóttir og Ásta

Lilja Gunnarsdóttir

Skólahjúkrunarfræðingur: Guðrún María

Bjarkadóttir.

Ritari: Heiðrún Jóhannsdóttir

Húsvörður: Guðrún Á. Möller

HUGMYNDAFRÆÐI SEM SKÓLINN VINNUR EFTIR

- Kveikjum neistann
- Uppeldi til ábyrgðar
- Spjaldtölvuinnleiðing
- Heilsueflandi grunnskóli
- Náttúruskóli



FORELDRAFÉLAG

Starfrækt er foreldrafélag við Hamarsskóla og Víkina sem hefur aukið þátttöku sína í skólastarfinu undanfarin ár. Markmið félagsins eru þessi:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- Standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

FJARVISTIR OG LEYFI

Fjarvistir nemenda ráða miklu um hvort góður árangur næst í námi. Lög kveða skýrt á um að forráðamenn sjái um að nemendur sæki skóla dag hvern. HÉR má finna reglur um fjarvistir og leyfi.

NÁMFÚS

Námfús (namfus.is) er vefkerfi sem gerir foreldrum kleift að nálgast upplýsingar frá grunnskóla. Þessar upplýsingar eru skráðar í upplýsingakerfi sem er notað í flestum grunnskólum landsins. Lykilorð verða afhend við skólabyrjun, en hægt er að nálgast þau hjá ritara skólans (heidrun@grv.is).

ÍÞRÓTTIR OG SUND

Nemendur stunda íþróttir (sund og leikfimi) í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja. Nemendur fara í sturtu eftir íþróttatíma.

Ávallt er starfsmaður sem gengur með 1. bekk á milli skóla og Íþróttahúss. Íþróttatímar í 1. bekk eru tveir og sundtími einn.

